

Ed.

733. Frumvarp til laga

[189. mál]

um búnaðarfræðslu.

(Eftir 2. umr. í Ed., 26. apríl.)

Samhljóða þskj. 367 með þessum breytingum:

3. gr. hljóðar svo:

Búfræðslunefnd skal marka stefnu í búfræðslumálum og samræma störf þeirra, er að þeim vinna. Landbúnaðarráðherra skipar búfræðslunefnd til fjögurra ára í senn. Í nefndinni eiga sæti: skólastjórar búnaðarskóla, einn fulltrúi úr hópi búfræðikennara, tilnefndur af félagi þeirra, tveir fulltrúar kosnir á Búnaðarþingi og fulltrúi tilnefndur af menntamálaráðuneytinu. Nefndarmenn starfi á kostnað þeirrar stofnunar sem þeir eru fulltrúar fyrir.

Landbúnaðarráðherra skipar formann nefndarinnar án tilnefningar.

21. gr. hljóðar svo:

Landbúnaðarráðherra skipar fasta kennara, sem skulu fullnægja sömu kröfum og gerðar eru til háskólakennara og njóta sömu kjara.

Skipa skal a. m. k. 5 aðalkennara og auk þess aðstoðarkennara eftir ákvörðun landbúnaðarráðuneytisins, að fengnum tillögum skólastjóra og deildarstjórnar, og samkvæmt lögum um effirlit með ráðningu starfsmanna og húsnæðismálum ríkisstofnana, nr. 97/1974. Skólastjóri ræður stundakennara.

Aðalkennarar hafa umsjón með kennslu hver á sínu námssviði og skipuleggja rannsóknir og hjálfun nemenda á því sviði.